

ADALFUNDUR HVERFISNEFNDAR HOLTA- OG HLÍÐAHVERFIS, 22. apríl 2008

Dagskrá

- **Formaður setur fund**
- **Kosning fundarstjóra og fundarritara**
- **Skýrsla stjórnar**
- **Kosning stjórnar til næstu 2ja ára**
- **Önnur mál**

Jón Heiðar Daðason, formaður hverfisnefndar Holta- og Hlíðahverfis setti fundinn. Á fundinn voru mættir tæplega 10 íbúar í hverfinu auk hverfisnefndar. Fundarstjóri var kosinn Eiríkur Jónsson og fundarritari Helga Aðalgeirsdóttir.

Skýrsla stjórnar

Formaður flutti skýrslu stjórnar og er hún meðfylgjandi sem fylgiskjal.

Kosning stjórnar

Jón Heiðar Daðason og Sigurjón Magnússon gáfu ekki kost á sér áfram en Magna Guðmundsdóttir, Valdimar Pálsson og Helga Aðalgeirsdóttir gáfu kost á sér áfram. Formaður auglýsti eftir framboðum en fékk dræmar undirtektir. Þá greindi hann frá að hverfisnefndin væri búin að ræða við tvo aðila sem væru tilbúnir að vera í nefndinni. Það væru Pálína Jónsdóttir og Ingvar Þóroddsson. Lagt var til að í varastjórn væri áfram sömu aðilar. Þar sem engin mótframboð bárust var nefndin samþykkt með lófaklappi.

Hverfisnefnd Holta- og Hlíðahverfis starfsárið 2008-2009 er skipuð eftirfarandi:

Magna Guðmundsdóttir, Sæbergi

Valdimar Pálsson, Miðholti 6

Helga Algeirsdóttir, Áshlíð 12

Ingvar Þóroddsson, Bakkahlíð 8

Pálína Jónsdóttir, Bakkahlíð 6

Í varastjórn eru Jórunn Jóhannesdóttir, Stefanía Dögg Vilmundardóttir og Eiríkur Jónsson.

Önnur mál

Magna Guðmundsdóttir þakkaði Jóni Heiðari Daðasyni og Sigurjóni Magnússyni gott samstarf. Hún ræddi um að hverfisnefndin hefði gert athugasemdir við umferðarmálin í hverfinu. Einnig um að fólkið í hverfinu mætti taka meiri þátt og koma með ábendingar um það sem betur mætti fara. Í haust verði gerð tilraun með að halda hverfishátíð í samstarfi við foreldrafélag Glerárskóla.

Valdimar Pálsson fjallaði um aðalskipulag Akureyrarbæjar og deiliskipulagið í Undirhlíð. Greindi hann frá hvernig hverfisnefndin kom að aðalskipulaginu og gerði skriflegar athugasemdir við þau þéttingarsvæði í kringum Glerárskóla og Þórssvæðið sem voru í fyrstu auglýsingu. Hverfisnefndin fékk svarbréf frá Akureyrarbæ þar sem tilgreindar voru þær athugasemdir sem tekið hafði verið tillit til. Hún fylgdist svo ekki með þegar aðalskipulagið var auglýst í annað sinn en þar var búið að bæta við byggingarreit á öllum Undirhlíðarreitnum og gert ráð fyrir 20 íb/ha (u.þ.b. 40 íb).

Rætt var um að hverfisnefndin hefði verið beðin um umsögn við drög að deiliskipulagi Undirhlíðarreitsins sem kynnt voru á almennum kynningarfundum á vegum Akureyrarbæjar haustið 2007. Athugasemdirnar voru sendar til skipulagsstjóra Akureyrarbæjar að ósk hans. Miðað við þær tillögur sem nú lögju fyrir hefði ekki verið tekið tillit til athugasemdanna.

Ritað 22. apríl 2008
Helga Aðalgeirsdóttir

Að loknum aðalfundi var haldinn kynningarfundur á vegum Akureyrarbæjar um deiliskipulag Undirhlíðarreitsins. Þar komu fram andstæð sjónarmið íbúa í hverfinu og forsvarsmanna Akureyrarbæjar um stærð, umfang og hæð tveggja bygginga af þeim 7 sem kynntar eru í deiliskipulaginu. Fundinn sóttu rúmlega 40 manns.

Skýrsla stjórnar hverfisnefndar Holta- og Hlíðahverfis starfsárið 2007-2008

Stjórn hverfisnefndar Holta – og Hlíðahverfis hefur verið skipuð undanfarið ár af sömu aðilum og árið 2006 til 2007 og hefur því setið óbreytt í 2 ár. Hún er skipuð eftirtölum aðilum. Jón Heiðar Daðason formaður, Sigurjón Magnússon ritari, Valdimar Pálsson, Magna Guðmundsdóttir og Helga Aðalgeirsdóttir. Í varastjórn hafa setið Jörunn Jóhannesdóttir, Stefanía Dögg Vilmundardóttir og Eiríkur Jónsson. Er þessum aðilum þakkað ánægjulegt samstarf á þessum tíma en hluti af stjórninni getur ekki kost á sér til setu áfram. Stjórnin hefur haldið 9 stjórnarfundi á starfsárinu. Auk þess var einn opinn íbúafundur miðvikudagskvöldið 22. ágúst. Tilgangur fundarins var að kynna tillögur að skipulagi á byggingarreit sem afmarkast af Langholti, Miðholti, Krossanesbraut og Undirhlíð og var því um sama efni að ræða og er hér á fundinum á eftir Á fundinn komu rúmlega 40 manns. Logi Már Einarsson arkitekt kynnti hugmyndirnar að skipulagi á svæðinu og sýndi myndir. Hann svaraði síðan fyrirspurnum ásamt Jóni Inga Cæsarssyni formanni skipulagsnefndar, Péttri Bolla Jóhannessyni skipulagsstjóra Akureyrarbæjar og, Sigurði Sigurðssyni byggingaverktaka. Umræðan á fundinum var málefnaleg þar sem fólk lét skoðanir sínar í ljós.

Vorið 2007 lögðu nefndarmenn í umtalsverða vinnu við að skipuleggja hverfishátíð en þar sem talið var að engin heppilegur dagur væri til að halda hátíðina á var henni frestað fram í september. Þegar svo hátíðin átti að vera var rigning og kalt í veðri. Þannig að enn var hátíðinni frestað. Staðan á því er sú í dag að rætt var um að fara í samstarf með foreldrafélagi Glerárskóla og halda hátíð að hausti til.

Þann 29 nóvember fóru 3 nefndarmenn í viðtalstíma til bæjarfulltrúa í kjölfar þess að hafa sent bréf til Akureyrarbæjar þar sem óskað var eftir að örugg gönguleið yrði gerð yfir Hörgárbraut með t.d. undirgöngum. Staða þess máls er sú að undirgöngin eru á áætlun framkvæmdaráðs fyrir árið 2009. Það verður því að vona að gert verði ráð fyrir undirgöngum þarna í fjárhagsáætlun fyrir árið 2009 sem gerð verður á síðari hluta ársins 2008.

Einnig spurðist nefndin fyrir í viðtalinu um hraðahindranir og umferðarmál í hverfinu þ.e. er erindi sem sent var til Akureyrarbæjar og lítil svör fengist við.

Segja má að íbúar hverfisins mættu hafa meira samband við hverfisnefndina um ýmis mál sem brenna á þeim eða betur mætti fara í hverfinu eða koma á framfæri góðum hugmyndum sem framkvæma mætti til að efla samskipti og samstöðu íbúana en nefndin er í raun málsvari íbúana. Í því sambandi má benda á að hægt er að setja sig í samband við hverfisnefndina t.d. með tölvupósti, en upplýsingar um hana er að finna á akureyri.is/stjornkerfi/hverfisnefndir. Hægt er að senda tölvupóst á alla nefndarmenn með því að senda póst á hliðholt@akureyri.is

Jón Heiða Daðason